

með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Fjeldsted, 70 kr. til hvors þeirra, greiðist úr rikissjóði.

Föstudaginn 23. mars 1928.

Nr. 61/1927.

Valdstjórnin (Pjetur Magnússon)
gegn

Wiet Theessen (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 26. apríl 1927: Kærði, Wiet Theessen á strax að greiða sekt að upphæð 15000 kr. til Landhelgisjórðs Íslands en sæta átta mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur affli innanborðs í togaranum »Venus« P. G. 287 frá Geestefmünde vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Þann 25. apríl f. á. kl. 7,17 árdegis var varðskipið Óðinn vestur af Portlandi á miðinu:

Pjetursey
 > 33°,40'

Hatta
 > 22°,0

ysti drangur v. Portland

og miðaði þá skip kærða í m/v. SSA og virtist varðskipinu skip kærða stefna nálægt því í m/v. VNV, en sú stefna liggur skáhalt út frá landi. Kl. 7,25

árdegis var staður varðskipsins á ný ákveðinn þannig:

Pjetursey

> 50°, 40'

Hatta

> 23½°

ysti drangur v. Portland

og miðaðist þá skip kærða í m/v. S ³/₄ A. Er skip kærða hjelt leiðar sinnar dró varðskipið kl. 7,27 upp stöðvunarmerki en kærði skeytti því eigi nje heldur tveimur þúðurskotum og nam eigi staðar fyr en kl. 7,36 eftir að varðskipið hafði skotið kúluskoti að skipi hans og fíði kærði þá botnvörpu í sjó. Varðskipið mældi stað þann, er kærði nam staðar á og reyndist hann að vera 1,25 sjómílu utan landhelgislinunnar og hefir kærði þurkent mælingu þessa rjetta.

Skipherra varðskipsins hefir sett út í sjókorti, sem lagt hefir verið fram í hætturjett stað varðskipsins kl. 7,17 og kl. 7,25, miðunarlinurnar frá þessum stöðum til skips kærða, ennfremur stað þann, er skip kærða stöðvaðist á og stefnulínur skips kærða frá því það var fyrst miðað frá varðskipinu og þar til það nam staðar, og hefir skip kærða eftir þessum útsetningum í sjókortinu verið innan landhelginnar í bæði skiftin, er það var miðað frá varðskipinu. Miðunin, er gerð var kl. 7,17 árdegis, sýnir, að skip kærða var þá um hálfa sjómílu innan landhelgislinunnar og kemur það heim við stað þann, er skip kærða var stöðvað á, eftir áætluðum ganghraða skipsins og tímalengdinni.

Þessari skýrslu skipherra varðskipsins hefir eigi verið hnekt með framburði kærða og skipshafnar hans fyrir lögreglurjettinum áður en dómur gekk í hjeraði nje með skýrslum þeim, er síðar hafa komið fram í málinu, og er skýrslan næg sönnun þess, að kærði

hafi verið í landhelgi fyrgreindan dag kl. 7,17 árdegis og þar sem kærði hefir viðurkent, að hann þá hafi haft botnvörpu í sjó, er það sannað að hann hefir gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920.

Kærða hefir einu sinni áður verið refsað fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, en þar sem það brot var framið og dæmt áður en lög nr. 5, 18. maí 1920 komu í gildi, verður hann nú ekki dæmdur í auka-refsingu samkvæmt 5. gr. laganna. En samkvæmt 3. gr. laganna þykir refsing hans hæfilega ákveðin af lögreglurjettinum 15000 kr. sekt, er renni í Landhelgis-sjóð og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað staðfestast. Svo ber kærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Wiet Theessen, greiði 15000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, er afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað staðfestast. Svo greiði kærði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfryjaða dóms hljóða svo:

Það er upptýst í máli þessu með skýrslu skipherrans á varðskipinu »Óðni« og viðurkenning kærða sjálfs á þessu að hann Wiet Theessen fæddur 7. september 1883, var stöðvaður af varðskipinu, þar sem hann var á skipi sínu »Venus« P. G. 287 frá Geestemünde kl. 7,36 í gærmorgun, 0,25 sm. utan landhelgislinunnar með stjórnbörðsvörpu í sjó. Einnig er upplýst með viðurkenning kærða og framburðum vitna að hann hafði þar áður togað í ca. 20 mínútur og þannig kastað út vörpunni um kl. 7,16 eftir klukku »Óðins« eða kl. 9,60 eftir klukku togarans.

Hvort kærði hefir gert sig sekan í broti á lögum nr. 5/1920 veltur því á því hvort hann var á landhelgissvæðinu eitthvað af tímanum kl. 7,16—7,36.

Kærði neitar þessu eindreigið og byggir neitun sína aðallega á miðunum hvar hann togaði þá, sem hann hefir haldið fram og stýrimenn hans einnig borið og unnið eið að, sem eru Hjörleifshöfði fram undan Reynisdröngum og að skip hans með þeim hraða er það fór og samkvæmt staðnum er það var stöðvað á, hafi ekki getað verið á landhelgissvæðinu, er hann kastaði og togaði.

Þrátt fyrir þetta verður þó að álita sannað með skýrslu varðsupsins í hvaða línu skip kærða sást kl. 7,17 að hann hafi þá verið á landhelgissvæðinu. Skal í því sambandi tekið fram að þar sem skip kærða fór með fullri ferð og slaka strengi í fullar 12 mínútur en aðeins 8 mínútur með strengda vörpu þá getur þetta samrýmst, því að skipið hafi kl. 7,17 verið í þeirri línu sem miðunin Hjörleifshöfði fram undan Reynisdröngum tiltekur, því þaðan sem miðunarlína »Óðins« sker þessa línu og þangað sem »Venus« var stöðvaður eru aðeins 1 $\frac{3}{4}$ sjómíla, sem togarinn mjög vel gat farið á þessum 20 mínútum enda þótt gert sje ráð fyrir frádrætti vegna bogans er skipið fór er það kastaði.

Samkvæmt þessu verður að telja nægilega sannað í málinu að kærði hafi togað á landhelgissvæðinu og þannig gert sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920.

Kærði hefir hinn 9. febrúar 1912 verið sektaður fyrir samskonar brot og hjer er því um ítrekun að ræða, er samkvæmt 5. gr. nefndra laga varðar fangelsi auk sekta. En þar sem telja má fyllilega upplýst í málinu, sjerstaklega af því að gera má ráð fyrir að kærði hafi sjeð varðskipið er hann kastaði og

af stefnu þeirri, sem hann stýrði meðan hann togaði, að kærði hafi álitíð sig vera utan landhelgissvæðisins þá þykir mega sleppa fangelsisrefsingunni og dæma kærðan til sektar sem með hliðsjón af að hjer er um annað brot að ræða og að dagsgengi krónunnar er 81,65 úr gullkrónu telst hæfilega ákveðin, sekt að upphæð 15000 krónur, sem rennur í Landhelgissjóð Íslands og greiðist strax, en afplánist með 8 — átta — mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 26. mars 1928.

Nr. 77/1927.

Stjórn Íslandsbanka (Fjeldsted)
gegn

Ólafi Pálssyni (Pjetur Magnússon).

Um sjóveðrjett.

Dómur sjórjettar Barðastrandarsýslu 18. júní 1926: Ólafur kaupm. Pálsson, Ísafirði, hefir sjóveðkröfu á hendur skipstjóra Ólafi V. Bjarnasyni, Bildudal, í m.k. Reynir B. A. nr. 148 á Bildudal fyrir 1719,63 kr. skuld, ásamt 6 % vöxtum frá 8. júní þ. á. Svo greiði hann og málskostnað 150 kr.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans.

Dómur hæstarjettar.

Verslunarfjelagið Hannes B. Stephensen á Bildudal átti vjelbátinn Reyni B. A. nr. 148, er skuld sú stofnaðist, er ræðir um í máli þessu og átti Íslandsbanki þá veðrjett í bátnum. Eftir að nefnt verslunarfjelag varð gjaldþrota afsalaði skiftaráðandinn í búinu bankanum bát þennan upp í veðskuldina, en eftir að bankinn þannig varð eigandi bátsins, kom það í ljós